



Öldungaráð Hafnarfjarðar

5. Stjórnarfundur haldinn þriðjudaginn 6.september 2016 kl 16:00
í Ráðhúsi Strandgötu 6.

Fundargerð

Mættir: Elísabet Valgeirsdóttir, formaður, Lilja E. Kristjánsdóttir, Gylfi Ingvarsson, Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir, Guðmundur Sigurðsson og Sjöfn Guðmundsdóttir.

Fjarverandi: Jóhanna Axelsdóttir og Guðmundur Fylkisson,

Dagsskrá:

1.

Öldungaráð hefur verið boðað á fund Fjölskylduráðs 12.september kl. 8.15. Fjárhagsáætlun varðandi málefni aldraða verður lögð fyrir og Öldungaráð upplýst um áherslur fyrir næsta ár. Öldungaráð og Félag eldri borgara í Hafnarfirði eru samráðsaðilar varðandi fjárhagsáætlun fyrir málaflokkinn.

2.

Öldungaráð mun funda með Félagi eldri borgara í Hafnarfirði til undirbúnings fundi með Fjölskylduráði á fimmtudaginn 8.september kl. 13.00.

3.

Brúkum bekkir er mjög vel heppnað verkefni í Hafnarfirði. Iðnskólinn mun hanna og smíða bekkir sem settir verða í kringum Ástjörn og Hvaleyrvatn. Einnig hefur verið haft samband við grunnskólana og þeim boðið að gera 1 bekk hver. Útfærslan á þeim bekkjum er hverjum grunnskóla frjálts. Hver bekkur myndi vera merktur þeim grunnskóla sem gerði bekkinn og verkefninu. Athuga þarf að auglýsa þetta verkefni enn betur. Verkefnastjóri fer reglulega í skoðanaferðir til að gæta að allir bekkir séu á sínum stað.

4.

Öldungaráð eru aðilar að verkefnastjórn um uppbyggingu hjúkrunarheimilis við Sólvang. Eftir nokkrar tafir er starfið komið í fullan gang. Um er að ræða 60 rýma hjúkrunarheimili sem verður staðsett við norðvestur enda Sólvangs, tengiálma verður á milli Sólvangs og nýja hjúkrunarheimilisins. Fljótlega verður hægt að hefja jarðvegsframkvæmdir.

Enginn getur allt en allir geta eitthvað

Önnur mál.

Umræða um þjónustuíbúðir, m.a. Hjallabraut 33.

Farið var fram á við bæjarráð að öldungaráð fengi greitt fyrir 4.fundi á ári. Ekki hefur komið svar til öldungaráðs ennþá.

Næsti fundur verður væntanlega í desember. Dagsetning ákveðin síðar.

Fundarritari: Sjöfn Guðmundsdóttir